

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Norðurbakka, Vesturgata 18-22 og 24.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar, á fundi sínum þann 15. ágúst 2006, breytingu á deiliskipulagi Norðurbakka, Vesturgata 18-22 og 24 í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í stækkun byggingarreits til norðvesturs. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 3. áfanga, lóð sundmiðstöðvar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar, á fundi sínum þann 27. september 2006, breytingu á deiliskipulagi Valla, 3. áfanga, lóð sundmiðstöðvar í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lögum byggingarreits og legu göngustígs er breytt. Innkeyrslan austan megin er færð sunnar á móts við innkeyrslu Ásvalla. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 16. október 2006,

Jón Sigurðsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. október 2006